

Bráðaöldrunarlækningadeild B-4

Upplýsingar fyrir skjólstæðinga og aðstandendur

Starfsemi

Meginstarf deildarinnar er greining og meðferð bráðra sjúkdóma hjá öldruðum. Markmiðið er að styðja aldraða til sjálfsbjargar og stuðla að því að þeir geti búið sem lengst heima. Það er gert með því að greina og meðhöndla margvísleg vandamál sem fylgja hækkandi aldri.

Deildin er með 22 sjúkrarúm ætluð bráðveikum öldruðum. Það eru fjögur einbýli og níu tvíbýli á deildinni. Á hverri vakt bera hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði ábyrgð á hjúkrun hvers sjúklings.

Sjúklingar leggjast inn á deildina á öllum tímum sólarhrings og eru útskrifaðir heim alla daga vikunnar. Flestir leggjast inn á deildina beint frá bráðalyflækningadeild A-2 eða frá bráðamóttöku. Einstaka kemur af öðrum bráðadeildum Landspítala og hjúkrunarheimilum. Þegar sjúklingar hafa fengið greiningu og meðferð á sínum vandamálum útskrifast þeir heim eða fara í frekari endurhæfingu, t.d. á endurhæfingardeildum á Landakoti. Þeir sjúklingar sem fá færni- og heilsumat fara í biðpláss á Vífilstaði, Akranes eða Borgarnes. Þar dvelja þeir þar til þeir flytja á hjúkrunarheimili.

Hjúkrunarfræðingar deildarinnar gefa skráðum aðstandenda upplýsingar um líðan sjúklings. Æskilegt er að einn aðstandendi sjái um samskipti við deildina og fjölskyldan hafi síðan samband sín á milli.

Teymisvinna. Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar deildar eru í nánú samstarfi við félagsráðgjafa, sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara, næringarfræðinga og presta. Stofugangur er daglega kl. 9.45 og er stuðst við STREYMA, samræmt verklag á Landspítala. Stofugangur fer fram við rúm sjúklings með þátttöku hans, ef ástand leyfir. Nánustu aðstandendur er velkomnir á stofugang að morgni með samþykki sjúklings og gott er að fá stuttan upplýsingafund með meðferðaraðilum í upphafi legu.

Endurhæfing er hluti af meðferð á deild og mikilvægt að setja sér markmið í samvinnu við sjúkráþjálfara og annað starfsfólk.

Útskrift

Á meðan sjúklingar okkar liggja inni er stöðugt verið að meta ástand þeirra, taka ákvarðanir um áframhaldandi meðferð og áætla útskrift. Áætlaður útskriftardagur og plan er skráð á töflu sjúklings. Það getur verið plan um heimferð, endurhæfingu á Landakoti eða bið eftir biðpláss í Borgarnesi, Akranesi eða Vífilstöðum ef viðkomandi er með færni- og heilsumat. Biðpláss eða endurhæfingarpláss býðst með skömmum fyrirvara og flutningur er jafnan samdægurs.

Hagnýtar upplýsingar

Matmálstímar

Það eru fimm máltíðir á dag og flestir sjúklinga eru á orku- og próteinbættu fæði sem hentar veikum, öldruðum. Flestir borða hádegismat og kvöldmat í matsal og er það hluti af endurhæfingunni og dregur úr einangrun og leiða. Ættingjar eru velkomnir á matmálstímum og að koma með uppáhaldsmat að heiman. Það er ísskápur á ganginum þar sem geyma má kælivöru merкта sjúklingsi.

Friðhelgi einkalífs.

Þar sem aðeins eru tjóld á milli rúma á tvíbýlum er nauðsynlegt að sjúklingar og gestir sýni tillitssemi og gæti þagmælsku.

Farsímanotkun er leyfð en æskilegt er að símar séu hljótt stilltir svo þeir trufla ekki aðra. Myndatökur og hljóðupptökur eru bannaðar á deildinni.

Deildin er læst af öryggisástæðum því hluti sjúklinga okkar getur verið illa áttaður.

Heimsóknartímar eru frá kl. 14:30–20:30. Heimsóknir eru leyfðar á öðrum tímum í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðinga.

Blóm eru ekki leyfð á deildinni vegna sýkingar- og ofnæmishættu.

Sjúklingar hafa með sér snyrtidót, fatnað, stöðuga skó og eigin göngugrind. Náttföt og nærföt eru á deild. Aðstandendur sjá um að þvo fatnað sem sjúklingar eiga.

Vinsamlegast athugið að Landspítali ber ekki ábyrgð á sínum, tölvum, peningum, gleraugum, tanngómum, heyrnartækjum eða öðrum verðmætum sem sjúklingar hafa meðferðis. Komi sjúklingar með lyf eða verðmæti á deildina er best að senda þau heim eða geyma þau í læstri hirslu á lyfjaherbergi deildarinnar.

Sjúklingar og aðstandendur eru hvattir til að leita til okkar með spurningar sem varða líðan, meðferð og útskriftaráætlun. Við stefnum að því að dvölin hér verði sem árangursríkust.

**ALLT SEM ÞÚ SÉRÐ OG HEYRIR HÉR,
GEYMR ÞÚ MEÐ SJÁLFUM ÞÉR**

Deildarstjóri er Ragnheiður Guðmundsdóttir

Yfirlæknir er Jón Eyjólfur Jónsson

Símanúmer deildar er 543 9400

Með ósk um gott samstarf og góðan bata.

Starfsfólk B-4

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.